

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 12. apríl 2013
RH/SLB/008/2013

Efni: Frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga. – 635. mál.

Vísað er til tölvubréfs dags. 13. mars 2013 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun greiði mánaðarlegan lífeyri þegar slysaörorka er metin meiri en 50% þrátt fyrir að Sjúkratryggingum sé falin meðferð slysatrygginga. Við uppskiptingu stofnunarinnar árið 2008 í Sjúkratryggingar Íslands og Tryggingastofnun var greiðsla slysaörorku eitt af þeim atriðum sem skaraðist á milli stofnananna og ekki er enn frágengið. Eðlilegast væri að taka skrefið til fulls að fela þeim sem sér um slysatryggingar að sjá um slysatryggingarnar að öllu leyti.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fela Sjúkratryggingum að sjá um slysatryggingar. Í því sambandi er rétt að benda á að slysatryggingar eiga mikla samleið með lífeyristryggingum sem Tryggingastofnun fer með og þau sem eiga rétt til slysatrygginga eiga oft rétt til greiðslna úr lífeyristryggingakerfi Tryggingastofnunar. Slysatryggingar eiga það líka sameiginlegt með lífeyristryggingum að það felur í sér beina þjónustu við einstaklinginn á meðan þjónusta Sjúkratrygginga beinist fremur að fagaðilum. Markmiði stjórnvalda að einfalda alla aðkomu viðskiptavinarins að opinberri þjónustu með svokallaðri „one shop stop“ yrði þannig frekar náð ef Tryggingastofnun væri falin umsjón.

Rétt er að áréttast að þar sem ma. tölvukerfi Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga hvað varðar slysatryggingar hafa enn ekki verið aðskilin og Tryggingastofnun sinnir enn víðtækri upplýsingatækniþjónustu við Sjúkratryggingar, er líklegt að ekki yrði um aukinn heildarkostnað að ræða við að flytja málaflokkinn yfir til Tryggingastofnunar, heldur yrði einvörðungu um að ræða flutning á starfsmönnum og þeim kostnaði sem Sjúkratryggingar hafa af umsýslu með málafloknum yfir til Tryggingastofnunar.

Virðingarfyllt,



Sigríður Lilly Baldursdóttir forstjóri